

# Annáll 2007

Félagið hóf göngu sína með stofnfundi 28. Apríl 2007. Fundurinn var haldinn í Félagsheimilinu Skrúð á Fáskrúðsfirði og var vel sóttur eða af um 125 manns þegar flest var. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, var gestur fundarins og ávarpaði hann. Þá sóttu fundinn m.a. Kristján Gunnarsson formaður SGS, Sævar Gunnarsson formaður Sjómannasambandsins og fleiri góðir gestir. Stofnfundurinn fór vel fram undir góðri fundarstjórn Magnúsar Norðdahl. Þar var félagið formlega stofnað með öllum greiddum atkvæðum.



Fáskrúðsfjörður skartaði sínu fegursta er fundargestir gengu yfir á hótél til að njóta veitinga. Ljós. Pétur

## Forsagan

Félagið hafði verið í undirbúningi frá því haustið 2005 er stofnfélögin þrjú hófu viðræður um sameiningu undir forystu Jóns Inga Kristjánssonar, formanns AFLs Starfsgreinafélags Austurlands. Sameiningarnefndin var í upphafi sammála um grundvallaratriði við sameiningu félaganna og nauðsyn þess.

Grundvallaratriði varðandi þörf á sameiningu var m.a. sameining sveitarfélaga og þar með skörun félagssvæða félaganna. Ennfremur vaxandi kröfur til sérhæfingar

og fagþekkingar meðal starfsfólks félaganna.

Sameiningarviðræður gengu hægt enda sameining féлага með langa sögu jafnan viðkvæm þar sem aðilar þurfa að sjá á eftir ýmsu sem forystufólk metur sem mikilvæga þætti sögunnar og hefðarinnar.

Að lokum var afgreidd tillaga á aðalfundum allra félaganna í maí 2006 um sameiningu félaganna. Um haustið 2006 hófst undirbúningur sameiningarinnar og með nokkrum hléum voru tillögur að lögum og

samþykktum hins nýja félags tilbúna og stofnfundur boðaður 28. apríl.

## Í sameiningar- nefnd félaganna sátu:

Frá AFLi Starfsgreinafélagi Austurlands

Jón Ingi Kristjánsson formaður, til apríl 2006

Sigurður Hólm Freysson, formaður, frá apríl 2006  
Sverrir Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs.

Frá Verkalýðsfélagi Reyðarfjarðar,  
Haukur Guðjónsson varaformaður  
Þröstur Bjarnason ritari  
Báðir til okt. 2006

Lars Olsen formaður  
Elías Jónsson meðstjórnandi  
Frá okt. 2006

Frá Vökli Stéttarfélagi  
Hjördís Sigurþórsdóttir formaður  
Þorkell Kolbeins varaformaður



Sameiningarnefndin að störfum á Djúpavogi haustið 2006 - Sigurður Hólm, Hjördís, Haukur, Þröstur og Þorkell. Sverrir tók myndina. Þarna er verið að afgreiða tillögur að lögum og reglugerðum.

Reyðarfirði. Hornfirðingar, Djúpavogsfólk og félagar á Breiðdalsvík og Stöðvarfirði, sló sér saman í bíla. Magnús Norðdahl lögmaður ASÍ, tók að sér fundarstjórn.

Stofnfundurinn verður ekki tíundaður nánar hér enda sagt frá honum áður. Lög félagsins og samþykktir voru samþykkt samhljóða en tekist var á um nafn félagsins og varð „AFL Starfsgreinafélag“ ofan á í kosningum.

Að fundi loknum var boðið upp á máltíð og gerðu fundargestir sér glaðan dag á eftir.

## Í stjórn félagsins voru kosin:

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Höfn, formaður  
Sigurður Hólm Freysson, Eskifjörður, varaformaður  
Kristján Magnússon, Vopnafjörður, ritari  
Þröstur Bjarnason, Reyðarfjörður, gjaldkeri  
Eyþór Guðmundsson, Egilsstaðir, meðstjórnandi  
Reynir Arnórsson, Djúpipvogur, meðstjórnandi  
Þóra Elísabet Ívarsdóttir, Seyðisfjörður, meðstjórnandi  
Herborg Sjöfn Óskarsdóttir, Höfn, formaður verslunarmanna-  
deildar  
Jóna Járnbrá Jónsdóttir, Neskaupstaður, formaður verka-  
mannadeildar  
Hjálmpór Bjarnason, Egilsstaðir, formaður iðnaðarmanna-  
deildar  
Björgvin Pétur Erlendsson, Eskifjörður, formaður sjómanna-  
deildar

Þorkell Kolbeins, Höfn, varamaður í aðalstjórn  
Haukur Guðjónsson, Reyðarfirði, varamaður í aðalstjórn  
Hanna Ingólfssdóttir, Breiðdalsvík, varamaður í aðalstjórn  
Sara Guðfinna Jakobsdóttir, Stöðvarfjörður, varamaður í aðal-  
stjórn

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, fagnar góðri kosningu ásamt öðrum meðlimum stjórnar félagsins. Mynd: Pétur

## Stofnfundur

Stofnfundurinn var haldinn í félagsheimilinu Skruð á Fáskrúðsfirði laugardaginn 28. apríl 2007, á fалlegum sólardegi - eiginlega þeim fyrsta á þessu vori. Veðrið skartaði sínu fegursta og Fáskrúðsfjörður tók vel á móti þeim 125 manns sem alls sóttu þennan fund.

AFL bauð upp á skipulegar ferðir m.a. frá Vopnafirði, Seyðisfirði og með viðkomu á Egilsstöðum og enn fremur frá Neskaupstað og Eskifirði með viðkomu á





## Fyrstu verkefni hins nýja félags

Eftir stofnun félagsins tók við vinna við hina raunverulegu sameiningu - þ.e. að samræma vinnubrögð og skapa félagslega heild meðal starfsfólks, trúnaðarmanna og annarra í ábyrgðarstörfum fyrir félagið.

Þessu verkefni var skipt í nokkra hluta og m.a. fengin aðstoð frá Viðhorfi ehf., sem er ráðgjafafyrirtæki Guðmundar Rúnars Árnasonar, fyrirv. starfsmanns ASÍ.



Starfsfólk félagsins hefur unnið mikið starf til að ná félagslegri sameiningu. Félagið stóð fyrir myndarlegri kjaramálaráðstefnu á Djúpvögi í sept. Mynd: Jens Hjelm

Viðfangsefni voru í raun fjórþætt.

**Í fyrsta** lagi að skapa nýtt útlit og ytri ímynd. Í því skyni var hannað nýtt logo, ný heimasíða sett upp og prentgripir og auglýsingagripir hannaðir. Þeirri vinnu lauk nokkurn vegin á áætlun á haustmánuðum.

**Í öðru** lagi var samhæfing síma og tölvukerfa. Nýtt símakerfi var tekið í gagnið í október og sameiginlegt tölvukerfi með innra neti fyrir starfsfólk. Þar með eru gögn félagsins vistuð á miðlægum grunni. Nokkrir tæknierfiðleikar voru samfara nýja símakerfinu en vonir standa til að þeir séu úr sögunni núna. Á þessari stundu er unnið við samhæfingu félagaskráa stofnfélaganna.



**Í þriðja** lagi var stofnun deilda félagsins og lauk því 19. desember með stofnun Sjómannadeildar en áður hafði Verkamannadeild verið stofnuð svo og Iðnaðarmannadeild og Verslunarmannadeild.



Mikið hefur mætt á formanni AFLs, Hjördísi Þóru

**Í fjórða** lagi var hin félagslega sameining og í því skyni hefur félagið staðið fyrir kjaramálaráðstefnu, vinnudegi starfsfólks grunnskólanna, trúnaðarmannanámskeiðum, fjölda námskeiða

og funda á vinnustöðum og víðar til að tengja félagsmenn og forystu félagsins nánar.

Til að undirbúa þessa vinnu gerði Viðhorf ehf. m.a. svokallað stöðumat og stóð fyrir rýnihópavinnu þar sem kallaðir voru saman félagsmenn án þess að forysta félagsins væri viðstödd og farið yfir ímynd félagsins og væntingar félagsmanna.

## Samantekt og niðurstöður

*Sá sem gerir þessa samantekt hefur starfað næstum í áratug í tengslum við verkalyðshreyfinguna á landsvísi og hefur kynnst starfinu í fjölmörgum félögum vítt og breitt um landið, ekki síst innan Starfsgreinasambandsins.*

*Með þann samanburð í huga er hér fullyrt að hvergi á landinu sé að finna sambærilegan kraft og áhuga og hjá Afli. Það er sama hvort litið er til stjórnar, starfsfólks, trúnaðarmanna, eða almennra félagsmanna – það er einhver neisti sem ekki er að finna annars staðar.*

*E.t.v. tengist það að einhverju leyti þeim uppgangi og uppbyggingu sem verið hefur á svæðinu, að einhverju leyti tengist það öflugum forystumönnum og starfsfólki og að síðustu tengist það því að félagsmenn hafa fundið að í kjölfar undangenginna sameininga hefur þjónustan aukist og geta félagsins til að standa sjálfstætt í stórræðum, m.a. gagnvart atvinnurekendum. Þessir þættir tengjast vafalítið hver öðrum og ýta hver á annan.*

(úr stöðumatsskýrslu Viðhorfs ehf.)

Starfsfólk félagsins hefur haldið nokkra starfsmannafundi og sótt námskeið sameiginlega m.a. í samhæfingu þjónustu og nýjum upplýsingakerfum.

## Stefnumótun

Nýtt sameinað félag býr að reynslu og stefnumótun stofnfélaganna þriggja, en engu að síður þurfti að móta stefnu félagsins í nokkrum málaflokkum.

6. sept. sl. samþykkti aðalstjórn félagsins framtíðarsýn og markmiðslýsingu félagsins:

### AFL Starfsgreinafélag setur sér eftirfarandi framtíðarsýn:

*Félagið er leiðandi stéttarfélag á Austurlandi, frumkvöðull í mennta og fræðslumálum félagsmanna sinna. Öflugt baráttutæki fyrir réttindum og kjörum*

félagsmanna sinna. Virkur þátttakandi í starfi launþegahreyfingarinnar á landsvísi.

Félagið er málsvari mannréttinda og stendur vörð um hagsmuni félagsmanna sinna, af erlendum sem innlendum uppruna. Félagið er virkur þátttakandi í mótun samfélagsins og tekur þátt í þeim breytingum sem verða á vinnumarkaði.

(Inngangur að framtíðarsýn félagsins)



Þá hefur félagið sett sér stefnu varðandi orlofsmál, menntamál og endurskoðað reglur um úthlutun sumarhúsa og orlofsíbúða. Ennfremur hafa stofnfundir deilda verið notaðir til að fjalla um innra starf félagsins.

Ljóst er að enn er miklu ólokið í stefnumótun félagsins og verður þeirri vinnu vonandi skilað langt áleiðis á ársfundi trúnaðarmanna í mars nk. Þannig að unnt verði að leggja fram heilstæðar tillögur á aðalfund i félagsins í maí.



Starfsfólk félagsins á námskeiði um nýtt upplýsinga- og símakerfi. Frá vinstri, Lilja, Seyðisfirði, Valborg, tölvunarfræðingur AFLs, Aleksandra, Eskifirði og Þorkell, Hornafirði. Standandi Kristinn, sérfræðingur EJS, Akureyri.

## Lok stórframkvæmda

Uppbygging í kringum stórframkvæmdir á miðausturlandi hefur haft mikil áhrif á störf hins sameinaða félags á fyrsta starfsári. Starfsfólk félagsins, sérstak-

lega á Egilsstöðum og Reyðarfirði, hefur aðstoðað tugi ef ekki hundruði starfsmanna við virkjana- og byggingaframkvæmdir, flesta af erlendu bergi brotna.

Álag á starfsmenn félagsins jókst til muna þegar hilla fór undir lok framkvæmda þar sem hinir erlendu félagar AFLs voru uggandi um rétt sinn m.a. áunninn rétt til orlofs og fleiri atriða þegar nær dró heimferð.

Nokkur mál er tengjast alvarlegum vinnuslysum og afleiðingum þeirra komu upp og í tengslum við þau, deilur m.a. við Impregilo um félagsaðild starfsmanna sem flokkaðir voru sem yfirmenn og þess vegna hafði ekki verið greitt af þeim til sjúkrasjóðs félagsins.

AFL og Impregilo náðu síðan sátt um málið í haust og réttur allra starfsmanna var þannig tryggður í slysa-tilfellum.

## Kjaramálaráðstefna Verkamannadeildar

Ráðstefna AFLs, sem haldin var 21. – 22. sept. sl. var sótt af um 40 þátttakendum en reiknað hafði verið með rösklega 50 félögum. Réttir, steypuframkvæmdir og váleg veðurspá spilltu því nokkuð fyrir fundarsókn. Kristján Gunnarsson formaður SGS, fjallaði í erindi sínu um SGS og stöðu AFLs innan sambandsins. Hann fjallaði einnig um nauðsyn samstöðu í komandi kjarasamningum og fór yfir stöðu kjaramála síðustu ár.

Að lokinni framsögu Kristjáns voru kjörnir fulltrúar AFLs á þing SGS 2007 svo og ársfund ASÍ. Síðan var ný heimasíða félagsins kynnt og notkunarmöguleikar innri vefs síðunnar til samskipta m.a. trúnaðarmanna og stjórnar og starfsfólks.

Þá snæddu ráðstefnugestir kvöldverð á Hótel Fram-



Kjaramálaráðstefna félagsins í september var haldin á Djúpvogi og var vel heppnuð. Á eftir kvölverði skemmti heimamaðurinn og stjórnarmaður, Reynir Arnórsson, með gleðisögum. Hann hefur hér athygli fundargesta óskipta. Mynd Jens Hjelm





tíð á Djúpavogi, en þar var þessi ráðstefna haldin. Laugardagsmorguninn hófst síðan með framsögu Þorvaldar Gylfasonar prófessors í hagfræði, en hann fór mikinn um ýmis álitamál verkalýðshreyfingarinnar.

Meðal annars skoðaði hann ýmis gögn sem sýndu velferð og afkomu og þá sérstaklega með tilliti til vinnuframlags. Einnig ræddi Þorvaldur nokkuð Efnahagsbandalag Evrópu og spurninguna um aðild Íslands eða ekki.

Taldi hann flokkspólitík hafa spillt mikið fyrir málinu, bæði í röðum Alþýðusambands Íslands og innan raða Samtaka atvinnulífisins.

Var gerður góður rómur að máli Þorvaldar og að lokinni framsögu hans skiptu gestir sér í hópa og ræddu málin innbyrðis en að því búnu sátu Þorvaldur, Kristján og Hjördís Þóra í pallborði og svöruðu fyrirspurnum og urðu af líflegar umræður.

Að loknum hádegisverði ræddi Maríanna Traustadóttir, Menningar-og fræðslusambandi alþýðu, stöðu og fræðslu trúnaðarmanna verkalýðshreyfingar og ræddi einnig jafnréttismál. Síðan hafði Hjördís Þóra framsögu um kjaramál en að þeirri framsögu lokinni tóku vinnuhópar aftur til starfa en ráðstefnunni lauk síðan með umræðum í sal þar sem vinnuhópar kynntu umræður sínar og einstök atriði voru rædd nánar.

Góður starfsandi var á ráðstefnunni, sem var sótt af félagsmönnum AFLs allt frá Vopnafirði og suður á Höfn í Hornafirði.

## Byggingu álvers lokið

Síðustu starfsmenn Bechtel vegna byggingar álversins á Reyðarfirði fóru af landinu laust fyrir jól og af því tilefni bauð Ragna Hreinsdóttir yfirtrúnaðarmaður AFLs á Reyðarfirði, pólskum trúnaðarmönnum á Bechtel



svæðinu í kaffi og færði þeim gjafir að skilnaði.

AFL átti gott samstarf við Bechtel á meðan byggingu álversins stóð og stóð félagið og Bechtel fyrir tugum námskeiða og orlofsferða fyrir starfsmenn. Þá sóttu um 10 starfsmenn Bechtel trúnaðarmannanámsskeið AFLs.

## Aðalbúðir Impregilo auðar

Laust fyrir jól var unnið að því að tæma aðalbúðir Impregilo við Kárahnjúk. Starfslið sem eftir er hefst að mestu við í búðunum við Adit 2 en þar rúmast rúmlega 200 manns.



Þá er Arnarfell með búðir við Hraunaveitu og voru þær fullmannaðar fram í desember - en framkvæmdir munu halda áfram út þetta ár á svæðinu.

Framkvæmdastjóri AFLs bendir á eitthvað merkilegt á stíflustæðinu. Mynd: Ingvar

## Hart tekist á um málefni erlendra verkamanna

Í byrjun september lenti AFL upp á kant við m.a. Vinnumálastofnun vegna afskipta af erlendu verkafólki á Kárahnjúkasvæðinu – þegar í ljós kom að talsverður fjöldi starfsmanna á vegum Arnarfells við Hraunaveitu voru óskráðir. Forysta AFLs hafði sig nokkuð í frammi í fjölmiðlum vegna málsins en Vinnumálastofnun gaf Arnarfelli og undirverktaka þeirra, GT verktökum frest til að skila inn fullnægjandi gögnum.

Þegar fresturinn rann út kom í ljós að gögnin lágu ekki fyrir og um svipað leyti höfðu þessir starfsmenn, sem flestir voru frá Lettlandi samband við félagið og óskuðu aðstoðar.

Málið vakti nokkra athygli í fjölmiðlum enda voru starfsmenn eða forráðamenn GT verktaka sakaðir um að hafa látið falsa launaseðla og kvittanir fyrir mót-töku launa.

Mikið mæddi á skrifstofum félagsins, sérstaklega á Egilsstöðum og Reyðarfirði á meðan þessu stóð og þurftu allir mannanna 13 alls, að fara margoft í skýrslutöku og fyrir dóm.

Eva Dís Pálmadóttir lögmaður AFLs, annaðist málið fyrir hönd félagsins, en búast má við að málið verði tekið fyrir fljótlega eftir áramót.

Nokkrir starfsmanna GT verktaka sem leituðu á náðir AFLs vegna vangaldinna launa og annarra mála. Nokkrir þeirra sem eru á þessari mynd fóru af landinu á vegum fyrirtækisins áður en unnt var að taka af þeim skýrslur - en fleiri bættust síðan í hópinn.

Thomas Wójtowicz, túlkur AFLs er lengst til vinstri.



# Farbann og skýrslutökur

- forsvarsmenn GT tvísaga - þekktu ekki fyrirtæki sem þeir eiga

*Einn starfsmanna GT verktaka / Nordic Construction var laust fyrir háfleit sl. nótt úrskurðaður í farbann í hálfan mánuð. Embætti ríkislögreglustjóra krafðist farbandsins en efnahgsbrotadeild lögreglunnar hefur tekið við rannsókn kærumála starfsmanna GT verktaka / Nordic Construction og Vinnu-málastofnunar á hendur þessum fyrirtækjum.*

Í gær og fram á kvöld stóðu yfir vitnaleiðslur fyrir dómi yfir þeim þrettán starfsmönnum fyrirtækjanna sem sakað hafa fyrirtækin um rangar launagreiðslur og að hafa þvingað þá með hótunum um brottrekstur til að kvitta fyrir móttöku mun hærri launa en þeir fengu greidd.

Launagreiðslur munu hafa farið fram með þeim hætti að tveir Lettar sem eru enskumælandi afhentu launaumslög og launa-

Letrans.

Það vakti nokkra athygli í gær þegar lögmaður GT sagði það aldrei hafa verið neitt leyndarmál að eigendur GT væru jafnframt eigendur starfsmannaleigunnar.

Nordic Construction Line hefur 38 starfsmenn skráða hjá Vinnu-málastofnun. Fulltrúi hennar á Íslandi er Gísli Sveinbjörnsson, einn eigenda GT verktaka. Af skammstöfuninni „SIA“ má sjá að Nordic Construction Line er einkahlutafélag.

Gísli segist ekki vita almennilega hver eða hverjir eigi starfsmannaleiguna. Jafnvel þó að Íslendingar séu hluthafar þá skipti það ekki sköpum því um annað fyrirtæki sé að ræða. Hringt hafi verið í GT verktaka og þeir einfaldlega þegið boð um starfsmenn tímabundið í tvo mánuði. Einhver hafi þurft

að vera fulltrúi fyrirtækisins hér á landi og hann hafi tekið það að sér.

ghs@frettabladid.is (Fréttablaðið 6. okt. 2007).

Í skýrslu sem sá er dæmdur var í farbann gaf fyrir rétti kom fram að fyrirkomulag launagreiðslna var með þeim hætti að einn starfsmanna GT afhenti þeim tveimur sem um er rætt, tösku með lokuðum umslögum. Þeir dreifðu síðan umslögnum á viðkomandi starfsmenn.

Þá kom fram í vitnaleiðslum yfir öðrum starfsmönnum fyrirtækjanna að þeir voru látnir skrifa undir ráðningarsamninga sem dagsettir voru aftur í tímann eða til þess tíma er þeir voru ráðnir til starfa í Riga í Lettlandi og ennfremur að þeir voru látnir skrifa

undir óútfyllta ráðningarsamninga.

Ljóst er að nokkrir starfsmannanna kvittuðu fyrir móttöku launanna með fyrirvara er þeir rituðu á kvittunina á rússnesku eða lettnesku enda voru það tungumálin sem þeir töluðu við milligöngumennina. Ennfremur liggur fyrir að nokkrar launagreiðslur fóru fram með millifærslum og liggja gögn um þær fyrir. (af vef AFLs: asa.is, 10 okt. sl.)



*Eftir að 5 menn yfirgáfu landið í upphafi - og fimm aðrir bættust í hópin - stóð þessi hópur vel saman í erfiðan hálfan mánuð - félitilir í ókunnugu landi og uggandi um afkomu fjölskyldna sinna. Thomas Wójtowicz, tulkur AFLs á pólsku og rússnesku, var betri en enginn og hitti mennina daglega til að fara yfir gang mála. mynd Salb*

seðla eða kvittanir og fengu undirskrift starfsmannanna. Að sögn hinna starfsmannanna báru þessir tveir þau skilaboð jafnan að þeir sem ekki skrifuðu undir, yrðu reknir. Annað þessara lykilveritna för af landinu með skyndingu í gærmorgun en hann hafði verið boðaður í skýrslutöku um hádegi.

Vitnaleiðslu höfðu áður verið boðaðar á mánudagsmorgun en þá verið frestað að óska Marteins Mássonar lögmanns GT, og fylgdi það óskinni að ekki væri hætt á að vitni hyrfu úr landi. Eva Dís Pálmadóttir hdl. er lögmaður AFLs en Lárus Bjarnason sýslumaður kom fram fyrir ákærvaldið vegna úrskurðar um farbann. Gísli Auðbergsson hdl. var lögmaður



## Kvótaniðurskurður

Á haustmánuðum var tilkynnt um nánast þriðjungs niðurskurð á veiðiheimildum á þorski. Skömmu síðar tilkynnti Eskja, fiskvinnslan á Eskifirði, um lokun bolfiskvinnslu og um 40 starfsmönnum var sagt upp störfum. Á Breiðdalsvík var hluta starfsfólks Fossvíkur sagt upp störfum og áttu uppsagnir að taka gildi um áramót.

Formaður félagsins og framkvæmdastjóri héldu fundi með starfsfólki á báðum stöðum en ekki hefur enn



verið gripið til sérstakra aðgerða.

Þá var áhöfn eins af skipum Skinneyja Þingness sagt upp í haust og í október var Hólmatindur seldur úr landi og áhöfninni sagt upp. Þá hefur hluta starfsfólks Síldarvinnslunnar í Neskaupstað verið sagt upp.

Enn sem komið er óbreytt vinnsla á öðrum stöðum félagssvæðis AFLs en búast má við lengri lokunum fiskvinnslufyrirtækja á næsta ári en verið hefur.

## Deildir félagsins

*Í lögum hins sameinaða félags er gert ráð fyrir fjórum deildum þ.e. Verkamannadeild, Sjómannadeild, Iðnaðarmannadeild og Verslunarmannadeild. Formenn deildanna voru kosnir á stofnfundinum og reglugerðir þeirra samþykktar. Það var því næst á dagskrá að stofna deildirnar formlega - en þangað til áttu formenn deilda enga varamenn til stjórnarsetu í aðalstjórn félagsins.*

## Verkamannadeild

Verkamannadeild AFLs Starfsgreinafélags var formlega stofnuð laugardaginn 9. júní 2007 í húsi félagsins við Brekkugötu á Reyðarfirði. Fundurinn var frekar fámennur enda skartaði fjórðungurinn blíðskaparveðri og ALCOA Fjarðaál bauð upp á útiskemmtun á Reyðarfirði.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs, setti fund og fundarstjóri var kosinn Snorri Hallgrímsson. Sverrir Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs, flutti framsögu um alþjóðastarf verkalýðshreyfingarinnar og þátttöku AFLs.

Þá ræddi Jón Guðmundsson, bílstjóri hjá Tanna Travel, ferð sína sem þátttakandi í Leonardo verkefni AFLs og IF Metal í Svíþjóð. Þá kynnti Hjördís Þóra reglugerð deildarinnar og gengið var til stjórnarkjörs.

Eftirtalin voru kjörin einróma með lófataki.

*Jóna Járnbrá Jónsdóttir formaður, fiskvinnsla, Neskaupstaður  
Snorri Hallgrímsson varaformaður, flutningar, Egilsstaðir  
Magnhildur Pétursdóttir ritari, þjónusta, Höfn  
Stefanía Stefánsdóttir meðstj. heilbrigðisþj. Seyðisf.  
Elías Jónsson, meðstj. iðnaður Reyðarfjörður*

*Varamenn  
Kristrún Gunnarsdóttir bæjarstarfsmaður, Djúpvaggi  
Steinunn Zoega, fiskvinnsla, Vopnafirði  
Arnar Rafnkelsson, bræðslur, Höfn*

Þá kynnti Hjördís Þóra skipulag og uppbyggingu SGS, sem er það landssamband ASÍ sem verkamannadeildin er hluti af. Síðan fjallaði Snorri Hallgrímsson, formaður orlofsstjórnar félagsins, um orlofsmál og umræður urðu fjörugar um framtíðarskipan þessa mála-flokks. Fundi lauk um kl. 16:00.



*Kjaramálaráðstefna AFLs Verkamannadeildar, var fyrsti stóri viðburður sem hið sameinaða félag stóð fyrir. Þorvaldur Gylfason, prófessor í hagfræði (lengst til hægri), fór á kostum í umræðu um velferð og afkomu. Formaður Verkamannadeildar, Jóna Járnbrá fyrir miðju og Stella Steinþórsdóttir, fiskvinnslukona með meiru frá Neskaupstað lét sig ekki vanta (lengst til vinstri). Mynd: Jens Hjelm*



Starfsfólk félagsins hefur lagt ómælt á sig við samhæfingu vinnubragða og við innleiðingu nýrra upplýsingakerfa. Hér sitja á námskeiði um nýtt tölvakerfi félagsins þau Ingibjörg Neskaupstað, Guðbjörg Hornafirði, Gunnar Vopnafirði, Hjördís formaður og Sigurbjörg Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði. Mynd: Valborg

## Verzlunarmannadeild

Stofnfundur Verzlunarmannadeildar AFLs Starfsgreinafélags var haldinn í húsnæði félagsins að Víkurbraut 4, Hornafirði mánudaginn 17. September. Formaður deildarinnar Herborg Sjöfn Óskarsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Sverrir Albertsson var kosinn fundarstjóri og Erla G. Einarsdóttir ritari.

Hjördís kynnti reglugerð deildarinnar og síðan var gengið til stjórnarkjörs. Kosningu hlutu einróma

### Aðalmenn:

Herborg Sjöfn Óskarsdóttir formaður

Gunnhildur Imsland varaformaður

Erla G. Einarsdóttir ritari

Sigurbjörg Sveinbjörnsdóttir meðstjórnandi

Anna Ólafsdóttir meðstjórnandi

### Varamenn:

Anna Jóna Úlfarsdóttir

Antonía Arnórsdóttir

Heiðveig Maren Jónsdóttir

Hjördís kynnti Landssamband ísl. Verzlunarmanna, sem er það landssamband sem deildin er með aðild að og síðan fjallaði hún um Starfsmenntasjóð Verzlunarmanna. Nokkrar umræður urðu um réttindi í starfsmenntasjóðinn og vakin athygli á [www.starfsmennt.is](http://www.starfsmennt.is).

Kjarasamningar Verzlunarmannadeildar renna út um næstu áramót og þarf vinna við undirbúning endur-nýjunar þeirra að fara af stað. Dreift var lista

með áherslum sem félagsmenn geta merkt inn sínar áherslur. Niðurstaðan úr kjaraumræðunum var sú að fundarmenn taka með sér listann á sína vinnustaði og fá samstarfsmenn til að skýra frá sínum áherslum og koma þeim síðan til félagsins.

Kosning fulltrúa á þing LÍV sem haldið verður 2. - 3. nóvember n.k.

Herborg Sjöfn Óskarsdóttir aðalmaður

Erla G. Einarsdóttir varamaður

Gunnhildur Imsland varamaður

Sverrir kynnti markmið og framtíðarsýn AFLs sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Hann kynnti einnig nýja heimasíðu félagsins sem opnuð var í vikunni [www.asa.is](http://www.asa.is)





## Iðnaðarmannadeild



Hjálmbór Bjarnason  
formaður IMA

Stofnfundur Iðnaðarmannadeildar AFLs Starfsgreinafélags var haldinn í húsnæði félagsins að Egilsbraut 11 Neskaupstað, laugardaginn 29. september 2007. Hjálmbór Bjarnason trésmiður á Egilsstöðum formaður deildarinnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann skipaði sjálfan sig sem fundarstjóra og Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttur formann AFLs, sem fundarritara.

Hjálmbór kynnti reglugerð og tilgang deildarinnar. Því næst kynnti hann Menntasjóð IMA, en sjóðurinn er eingöngu innan AFLs til að styrkja iðnaðarmenn til náms.

### Kosning stjórnar.

Fomaður

Varaformaður

Ritari

Meðstjórnendur

Varamenn

Hjálmbór Bjarnason

Haukur Guðjónsson

Benedikt Sigurðsson

Arnþór Óttar Einarsson

Rúnar Loftur Sveinsson

Finnur Þorsteinsson

Aðalbjörg Ósk Guðmundsdóttir

Sigurður Hólm Freysson

Því næst var orðið gefið laust til að ræða hjartans mál og snerist umræðan mest um atvinnuástand á svæðinu, átak Vinnumálastofnunar, ábyrgð meistara sem skrifa upp á verk og fleira. Að því loknu var tekið hádegishlé og farið í Egilsbúð og borðað.

Sverrir Albertsson kynnti skipulag og framtíðarsýn AFLs, en stjórn félagsins samþykkti framtíðarsýn félagsins. Í lokin kynnti hann nýja heimasíðu félagsins.

Finnbjörn A. Hermannsson formaður Samiðnar, var gestur fundarins og fjallaði hann um kjaramál, málafni sjúkrasjóða og starfsmenntamál.

Finnbjörn skýrði frá því að hann teldi að í komandi kjarasamningum yrði lögð áhersla á fá fagnámskeiðin inn í fyrirtækin sem haldin yrðu á vinnutíma með grunnnámskeiðin. Hann ráðlagði félaginu að horfa til IÐUNNAR með námskeiðahald.

Finnbjörn rakti hækkanir á síðasta samningstímabili en hæsti taxti hefur hækkað úr 133.980 í 204.202 eða 52,5% sem þýðir 12% hækkan á kaupmætti. Þátt fyrir þessa hækkan hefur launaskrið iðnaðarmanna verið minna en annarra hópa. Í framhaldinu voru kjaramál rædd, almennt. Því næst kynnti Finnbjörn hugmyndir að nýju kerfi veikindaréttar sem unnið hefur verið að undanfarið. Umræður snérust um það varast að slíkur sjóður yrði bákn sem félagsmenn litu á að sem óvin, líkt og sumir litu á lífeyrissjóðina þegar þeir voru settir á laggirnar.

### Kosning fulltrúa á ársfund ASÍ

Aðalmenn: Finnur Þorsteinsson  
Haukur Guðjónsson

Varamenn: Sigurður Freysson  
Hjálmbór Bjarnason

(Úr fundargerð)



## Sjómannadeild

Stofnfundur sjómannadeildar AFLs Starfsgreinafélags var haldinn í safnaðarheimilinu á Reyðarfirði miðvikudaginn 19. desember 2007.

Björgvin Erlendsson, formaður deildarinnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Sverrir Albertsson var skipaður fundarstjóri og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir formaður AFLs, ritari fundarins. Hjördís Þóra kynnti reglugerð deildarinnar. Nokkrar umræður urðu um reglugerðina.

Þá var gengið til stjórnarkjörs, þar sem Björgvin Erlendsson baðst undan formennsku í deildinni var einnig kosið til formanns.



Eftirtaldir hlutu einróma kjör til setu í stjórn deildarinnar:

Grétar Ólafsson formaður, Vopnafirði  
Stephen R Johnson varaformaður, Hornafirði  
Björgvin Erlendsson ritari, Eskifirði

Kosið var milli þessara þriggja um 2 sæti meðstjórnanda Magnús B. Svavarsson meðstjórnandi, Seyðisfirði 2 atkvæði Jóhannes Hjalti Danner meðstjórnandi, Hornafirði 4 atkvæði Guðjón Guðjónsson meðstjórnandi 4 atkvæði

Guðjón og Jóhannes hlutu því kosningu.

Varamenn:  
Sigurd Jón Jacobsen Neskaupsstað  
Margeir Guðmundsson Hornafirði  
Jón Kárason Fáskrúðsfirði

Björgvin kynnti Sjómannasamband Íslands, tilgang og starfsemi sambandsins en í sambandinu eru í dag liðlega 2200 félagar í 25 aðildarfélögum.



Björgvin Erlendsson, lætur af formennsku Sjómannadeildar.  
Mynd: Salb

Hjördís Þóra kynnti Sjómennt, starfsmenntasjóð sjómanna og útgerðarmanna. Nokkrar umræður urðu um þátttöku sjómanna í námskeiðum og mikilvægt að kynna sjóðinn betur meðal sjómanna.



Nýkjörinn formaður Sjómannadeildar AFLs, Grétar Ólafsson, meðal samherja á stofnfundinum. Frá vinstri, Þorsteinn, Seyðisfirði, Stephen, Hornafirði, Grétar, Guðjón, Fráskruðsfirði. Mynd: Valborg

Hugmyndir um að félagið standi fyrir námskeiðum fyrir sjómenn, ný stjórn mun taka það til skoðunar. Samningar sjómanna renna út í lok maí á næsta ári og fljótlega eftir áramótin þurfa sjómenn að fara að huga að kröfugerð fyrir endurnýjun kjarasamninganna. Mál eru ekki í nógu góðu fari á ýmsum uppsjávarskipum varðandi verð.

Það er vandamál að sjómenn standa ekki saman um að fara áfram með sín mál. Einnig var mönnum tíðrætt um verðlagsmyndum á afla, almennt. Vantar tilfinnanlega í sjómannastéttina að standa saman.

Hlutdeild sjómanna í oliukostnaði rædd og vildu menn losna við þátttöku í henni strax. Breyta þarf ákvæðum í kjarasamningi um að á nýju skipunum (fyrstu 7 árin) er skiptaprósentan lægri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:20 og haldið í kvöldverð. (Brot úr fundargerð)



Starfsmenn leikskóla og grunnskólanna á AFLs svæðinu voru dugleg við að senda inn endurmatsbeiðnir vegna starfa sinna enda störf við umönnun og uppeldi lágt metin og sérstaklega þeirra sem kölluð eru "ófaglærð". Drátt fyrir talsverðan fjölda endurmatsbeiðna hlutu aðeins nokkrar samþykki endurmatsfndar SGS og LN og engin þeirra sem útbúið var þetta föstudagskvöld á leikskólanum á Seyðisfirði.  
Mynd: Salb





## **Siðfræðnámskeið Vopnafirði**

fimmtudagur, 15 nóvember 2007

Námskeiðið "Siðfræði á vinnustað" var haldið í gærkvöldi í sal AFLs að Lónabraut 4. Óhætt er að segja að viðtökur hafi verið með eindæmum góðar því að á sjötta tug þátttakenda skráðu sig á námskeiðið. Vinna setti hinsvegar strik í reikninginn og vegna sildarfrystingar dattu út 20 manns. Eftir voru þá 34 sem tóku virkan þátt í námskeiðinu og voru menn almennt mjög ánægðir með það. Leiðbeinandi Björn Hafberg, hélt mönnum vel við efnið með lifandi og skemmtilegri framsetningu á námsefninu og sá tími sem því var skammtaður var fljótur að líða.

## **Endurmat starfa**

Í maí og júní var boðað til funda með bæjarstarfsmönnum á öllu félagssvæði AFLs vegna vinnu við umsóknir um endurmat starfa. Var því tekinn hressilegur hringur með vinnustaðafundum og fundum á skrifstofum félagsins á hverjum stað. Félagið skilaði inn á þriðja tug endurmatsbeiðna en einungis nokkrar hlutu náð fyrir augum endurmatsnefndar SGS og LN.

## **Vaxtasamningur Austurlands**



AFL lagði fé í Vaxtasamning Austurlands og mæddi nokkuð á fulltrúa félagsins í stjórn sammingsins í vor er farið var yfir tugi umsókna og úthlutað úr sjóðn-um til ýmissa verkefna. Vonir eru bundnar við að verkefni Vaxtasamnings auðgi atvinnulíf og efli nýsköpun, sérstaklega á jaðarsvæðum.

## **Starfsendurhæfing Austurlands**

AFL Starfsgreinafélag hafði frumkvæði sl. sumar að því að kalla saman fulltrúa sveitarfélaga, skólastofnana, heilbrigðisstofnana og Vinnumálastofnunar til undirbúnings að Starfsendurhæfingu Austurlands. Undirbúningur að stofnun félagsins var lengst af að mestu í höndum starfsfólks AFLs en í nóvember sl., tók til starfa framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingar, Erla Jónsdóttir og hefur hún aðsetur á skrifstofu Þekkingarnets Austurlands.

Fulltrúi AFLs, Sverrir Albertsson, hefur leitt undirbúningsvinnu og var kjörinn formaður stjórnar á fyrsta stjórnarfundum sem haldinn var eftir formlegan stofnfund 14. nóvember sl.

Starfsendurhæfing Austurlands, *miðvikudagur, 14 nóvember 2007*

Glæsilegur stofnfundur Starfsendurhæfingar Austurlands var haldinn í Safnaðarheimilinu á Reyðarfirði í dag. Á fundinum var stofnskrá samþykkt og fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.

Reiknað er með að 20 einstaklingar verði í fyrsta hóp sem nýtur starfsendurhæfingar á vegum hinnar nýstofnuðu sjálfseignarstofnunar.

Nýráðinn forstöðumaður Starfsendurhæfingar Austurlands, Erla Jónsdóttir, var kynnt fyrir fundarmönnum

og fór hún yfir verkefni næstu vikna en undirbúningur stendur nú yfir í samráði við m.a. heilbrigðisstéttir og mennta- og fræðslustofnanir.

Í stjórn Starfsendurhæfingar Austurlands voru kjörin Anna Guðný Árnadóttir, Fljótaldalshéraði, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari, Hornafirði, Helga Jónsdóttir, Fjarðabyggð, Sverrir Albertsson, AFLi, Þórarinn Baldursson læknir Reyðarfirði. Í varastjórn þau Björn Hafþór Guðmundsson, Djúpvaggi, Jón Kristján Rögnvaldsson, Hornafirði, Kristín Björnsdóttir, VfA, Ólafur Sigurðsson, Seyðisfirð Þorsteinn Steinsson, Vopnafirði.


(af heimasiðu AFLs, [www.asa.is](http://www.asa.is))

Á myndinni eru þeir Þorsteinn Steinsson, Vopnafirði, Eyjólfur Guðmundsson, Hornafirði og Þórarinn Baldursson, Reyðarfirði, að fjalla um fjárhagsáætlunina. Mynd: Valborg

## **Siðfræði og tölvur**

AFL stóð fyrir fjölda námskeiða á haustinu sem var að líða og fyrir utan hefðbundin starfstengd námskeið var boðið upp á stutt eins kvölds námskeið þar sem kennd voru undirstöðuatriði við notkun tölva á netinu. Nýmælið við þessa námskeiðaröð var að boðið var upp á námskeiðin á öllum þéttbýlisstöðum félagssvæðisins 13 talsins.

Reyndar féllu námskeið niður á nokkrum stöðum vegna þátttökuleysis en á öðrum stöðum varð að fjölga námskeiðum og mæltust þau vel fyrir og er fyrirhugað framhald á vori komandi.



Ennfremur hélt félagið námskeið í „Siðfræði á Vinnustað“ á Vopnafirði, Egilsstöðum, Neskaupstað og Hornafirði og sóttu t.d. á fimmta tug félagsmanna námskeiðið á Vopnafirði. Góður rómur var gerður að þessum námskeiðum og eru fyrirhuguð eins kvölds námskeið í „Rökfræði“ á sömu stöðum á næstu mánuðum.



**AFL - Starfsgreinafélag verður til 28. apríl 2007**



## **Þing SGS, LÍV, ársfundur ASÍ, kjaramálaráðstefna Samiðnar og formannafundur SSÍ,**

Öll heildarsamtök sem AFL á aðild að héldu þing eða ársfundu í haust. Þing SGS sóttu 16 fulltrúar AFLs og var það næst stærsti hópur þingfulltrúa, á eftir Eflingu. 5 fulltrúar félagsins sóttu kjaramálaráðstefnu Samiðnar á Selfossi í september, þrjú fulltrúar voru á formannafundi Sjómannasambandsins og formaður Verslunarmannadeildar sótti þing LÍV í nóvember.



### **Góðu þingi SGS lokið glæsilegur hópur þingfulltrúa AFLs**

Á 1. þingi SGS átti AFL Starfsgreinafélag 16 fulltrúa. Á heimasíðu Starfsgreinasambandsins [www.sgs.is](http://www.sgs.is) má sjá ályktanir þingsins. Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir formaður AFLs var kjörin í framkvæmdastjórn SGS og Sverrir Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs

var kosinn sviðsstjóri Iðnaðarsviðs SGS og þar með í framkvæmdastjórn SGS einnig.

Þingfulltrúar alls staðar af landinu fylgdust með fréttum af málefnum Lettneskra starfsmanna GT er leituðu til AFLs og veittu tillögu fulltrúa AFLs um áskorun til félagsmálaráðherra um rannsókn á málinu, fylgi með dynjandi lófataki.



### **Þing Landssambands Íslenskra verslunarmanna**

Var haldið 2. – 3. nóvember og voru fulltrúar AFLs þær Herborg Sjöfn Óskarsdóttir aðalmaður, Erla G. Einarsdóttir varamaður og Gunnhildur Imsland varamaður.

Þing Landsambands íslenskra verslunarmanna leggur áherslu á að í komandi kjarasamningum verði

samið um launahækkunir sem tryggi launafólki aukinn kaupmátt.

Mikilvægt er að bæta sérstaklega kjör þeirra sem eru á lægstu laununum. Slikt þarf að gera með marg- þættum aðgerðum; sátt þarf að ríkja um að kaup-máttur lægstu launa hækki umfram annarra í þjóðfélaginu, nýta þarf skattkerfið til að lækka skattbyrði lágtekjufólks. Þá er mikilvægt að efla velferðarkefið m.a. með því að hækka barna-, vaxta- og húsaleigubætur og draga úr tekjutengingum. Jafnframt er mikilvægt að bæta sérstaklega kjör þeirra sem setið hafa eftir í launaþróuninni að undan förnu.

*Þing Landsambands íslenskra verslunarmanna krefst þess að stjórnvöld axli ábyrgð sína á hagstjórninni og komi á efnahagslegum stöðugleika með lágri verðbólgu, hóflegum vöxtum og stöðugu gengi.*

*(Af heimasíðu LÍV)*



## Formannafundur SSÍ



*Rædd voru skipulagsmál Sjómannasambandsins en vegna verulegrar fækkunar í stétt sjómanna síðustu ár stendur Sjómannasambandið frammi fyrir rekstrarvanda þjónustuskrifstofu þess.*

*Ennfremur voru kjaramál til umræðu og mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar. Fundurinn lýsti óánægju með að ekki var leitað samráðs við sjómannastéttina vegna mótvægisáðgerða en kvótasamdráttur mun víða bitna harkalega á sjómannastéttinni.*

*Þá hvatti fundurinn eindregið til að staðsett yrði björgunarþylusveit á Akureyri.*

*Að fundinum loknum eða seinnipart laugardags bauð Sjómannafélag Eyjarfjarðar fundargestum og mökum þeirra til óvissuferðar sem m.a. fór um "EktaFisk" í Hauganesi þar sem snæddur var saltfiskur í mismunandi búningi og hlustað á skemmtisögur. Óvissuferðinni lauk í bruggverksmiðjunni Kalda á Árskógsströnd þar sem fundargestir kynntu sér framleiðslu fyrirtækisins.*

*Formannafundur SSÍ var fjölsóttur og voru um 40 fundargestir frá sjómannafélögum og sjómannadeildum blandaðra félaga. Fulltrúar AFLs voru Björgvin Erlendsson formaður Sjómannadeildar, Stephen Johnson varaformaður og Sverrir Albertsson.*



*AFL og Rafiðnaðarsamband Íslands hafa hafð samvinnu við fleiri verkalýðsfélög um allan heim - er eiga félagsmenn er starfa í verksmiðjum ALCOA. Sverrir Albertsson og Sigurður Steinarsson, RSÍ, sótu fund félaganna í Pittsburgh í vor er leið. Áformað er að halda samstarfinu áfram.*

*Það var ekki bara fundað stíft á Kjaramálaráðstefnunni á Djúpvögi heldur gafst líka tækifæri til afslöppunar.*



## Miðstjórn Samiðnar og kjaramálaráðstefna



Miðstjórn Samiðnar, þar sem Hjálmpór Bjarnason formaður IMA, á sæti hefur fundað nokkuð í haust, þá aðallega vegna

mótunar kröfugerðar og komandi samninga. Samiðn stóð einnig fyrir kjaramálaráðstefnu í október og voru niðurstöður m.a. kynntar svona á heimasíðu Samiðnar:

*Á kjaramálaráðstefnu Samiðnar sem lauk í dag á Hótel Selfossi voru samþykktar ályktanir þar sem siðlausu framferði atvinnurekenda gagnvart starfs-*

*réttindum iðnaðarmanna er mótmælt. Í blindri gróðahyggju ráða atvinnurekendur til sín ómenntað starfsfólk í störf sem krefjast 4 ára menntunar. Þrátt fyrir að fjöldi erlendra starfsmanna sé ráðinn til fyrirtækja í byggingariðnaði á lægri launum en þekkist meðal íslenskra iðnaðarmanna þá hefur nýtt íbúðarhúsnæði hækkað gríðarlega í verði á liðnum misserum.*

*Í ályktun um kjaramál var lögð áhersla á að stöðugleiki og vaxandi kaupmáttur verði tryggður í komandi kjarasamningsviðræðum og að bilið á milli þeirra sem setið hafa eftir á kauptöxtum og þeirra sem notið hafa launaskriðs verði minnkað.*

*(heimasíða Samiðnar – 13. okt.)*

## Ársfundur ASÍ

22 fulltrúar AFLs sóttu ársfund ASÍ í október sl. – Á fundinum var m.a. fjallað um efnahags- og kjaramál svo og norræna velferðarmódelið. Fulltrúar AFLs sóttu vinnuhópa og nefndir um þessi málefni.

Austfirðingar eiga ekki lengur fullrúa í miðstjórn



ASÍ. Jón Ingi Kristjánsson formaður AFLs Starfsgreinafélags Austurlands hefur átt þar sæti en frá síðasta ársfundi hafði enginn Austfirðingur verið í miðstjórn. Hart var lagt að Hjördísi Þóru formanni AFLs að gefa kost á sér en hún kys að helga sig starfinu heima í héraði. Þess í stað gerðu fulltrúar AFLs tillögu um Sverri Albertsson framkvæmdastjóra AFLs til setu í miðstjórn gegn tillögu uppstillinganefndar. Sverrir náði ekki kjöri en hlaut ríflega 40% atkvæða.

*AFL Starfsgreinafélag mætti með fríðan flokk á ársfund ASÍ að þessu sinni eða alls 21 fulltrúa. Þar af komu 18 á vegum Verkamannadeildar félagsins, tveir á vegum Iðnaðarmannadeildar og einn á vegum Sjómannadeildar.*

*Ingibjörg Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ mætti mótframboði Signýjar Jóhannesdóttur, formanns Vöku á Siglufirði. Ingibjörg vann kosninguna með nokkrum mun eða um 60% atkvæða.*



## Skrifum söguna - vertu með

AFL Starfsgreinafélag hélt málþing um ritun og varðveislu sögu verkalyðshreyfingarinnar á Austurlandi í nóvember sl.. Að þinginu loknu var tekin saman tillaga er lögð verður fyrir stjórn félagsins í desember en í tillögunni eru útfærðar hugmyndir að varðveislu gagna og heimilda og ekki síður samtíma-

heimilda en þeirra eldri. Jafnframt komu fram hugmyndir að myndun áhugahópa og faghópa er fjallað gætu um einstaka atburði eða staði og að félagið opnaði sérstaka vefsíðu fyrir áhugafólk þar sem það gæti borið saman bækur sínar.



Málþingið var því miður ekki vel sótt og voru til þess nokkrar skýringar. Það var hins vegar traustur hópur sem mætti og fóru umræður talsvert fram yfir áætlun. Hér sést hluti fundargesta hlýða á Smára Geirsson, fara yfir það sem þegar hefur verið ritað um sögu fjórðungsins. Í tillögum sem lagðar verða fyrir fyrsta stjórnarfund næsta árs er gert ráð fyrir að hafin verði skráning heimilda og áhugamannahópum auðveldað að bera saman bækur sínar.

Mynd: Salb

## Vinnustaðafundir hjá ALCOA

Í október og nóvember héldu fulltrúar AFLs og Rafiðnaðarsambandsins í allt 5 fjölmenna vinnustaðafundi í verksmiðju ALCOA Fjarðaáls. Talsverðir byrjunarörðugleikar hafa komið upp við gangsetningu verksmiðjunnar en svo virðist sem starfsfólk sé ákveðið í að sigrast á vandamálunum með bros á vör. Samt sem áður var talsverð óánægja með ýmis atriði og hefur því verið komið á framfæri við yfirmenn ALCOA auk þess sem nokkur atriði – t.d. er tengjast launatímabilum og uppgjör eftir vaktatímabil verða rædd á fundi með fyrirtækinu fljótlega.



*AFL Starfsgreinafélag, stjórn, starfsfólk og trúnaðarmenn óska félögum sínum á Austurlandi sem og annars staðar árs og fríðar. Við sendum þær óskir að komandi ár verði okkur þarsælt í komandi kjarasamningum og í starfssemi félags okkar.*